

Alþingi

Efnd nr. 274 / 1615

27. apríl 1994



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Stofnað 1917

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b/t Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa.

SAMTÖK ÍSLENSKS
VIÐSKIPTALÍFS

Reykjavík 27. apríl 1994.

Efni: Neytendalán.

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir tækifæri til að láta í ljós álit sitt á framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á iögum um neytendalán. Frumvarpið var samið af sérstökum starfshópi á vegum viðskiptaráðuneytisins þar sem fulltrúi Verslunarráðsins átti sæti. Verslunarráð Íslands styður því frumvarpið að einu atriði undanskildu sem gerð var athugasemd við í áður nefndum starfshópi og kom fram í skilabréfi nefndarinnar.


Í 4. gr. er lögð til sú breyting á 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna er lagt til að þegar lánveitandi er jafnframt seljandi skuli höfuðstóll lánsins jafngilda staðgreiðsluverði. Þessi breyting er gerð á því ákvæði (þ.e. 6. gr.) sem fjallar um þær upplýsingar sem lánveitandi á að veita neytanda við gerð láns samings.

Þessi breyting er frávik frá því sem tíðkast í viðskiptum, þar sem almennt er gerður greinarmunur á því verði sem telst staðgreiðsluverð og því verði sem greitt er fyrir vöru/þjónustu í afborgunarviðskiptum. Engin sérstök rök hafa komið fram sem réttlæta breytingu á svo gróinni venju, enda er í greinargerð sú þversögn að hægt sé að semja um staðgreiðsluafslátt frá staðgreiðsluverðinu.

Breyting sem þessi, sem gengur gegn gildandi framkvæmd, getur leitt til misskilnings eða þess að menn reyni að ná auknum viðskiptakostnaði vegna þessa fram á annan hátt. Til viðbótar þessu er hætt við því að menn veiti ekki staðgreiðsluafslátt í viðskiptum sem þessum, enda geta þeir í raun og veru einungis boðið upp á eitt verð, þar sem afborgunarverðið verður alltaf að vera jafnt staðgreiðsluverðinu. Rétt er að taka fram að breyting þessi er ekki tilkomin vegna ákvæða í tilskipun Evrópusambandsins.

Með vísan til ofangreinds leggur Verslunarráð Íslands til að ákvæðið verði óbreytt en það hljóðar svo nú: "Höfuðstól, þ.e. lánsfjárhæð án nokkurs kostnaðar".

Virðingarfyllt
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Jónas Fr. Jónsson, hd.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími 1 676666
Bréfsími 1 686564
Telex 2316 Chambr is